



Borgarráð

Tilraunaverkefni um ný íbúaráð - beiðni um framlengingu

Stýrihópur um innleiðingu nýrra íbúaráða er að leggja lokahönd á tillögur um áframhald verkefnis um ný íbúaráð en ekki næst að skila tillögum til borgarráðs fyrir tilskilinn frest og um leið viðhafa fullnægjandi umsagnarferli.

Borgarstjórn samþykkti tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð á fundi sínum þann 7. maí 2019. Níu íbúaráð Reykjavíkurborgar tóku til starfa í nóvember 2019, en upphaflega var um að ræða tilraunaverkefni til ársloka 2020, sem síðan var framlengt til 1. júlí 2021, sbr. 16. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. nóvember 2021. Hjalögð eru fylgiskjöl um forsögu málsins.

Stýrihópur um innleiðingu nýrra íbúaráða óskar eftir að borgarráð samþykki að tilraunaverkefni um íbúaráð verði framlengt til 1. október 2021.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir
f.h. stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Hjálagt:

Tillaga stýrihóps um innleiðingu íbúaráða, um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð samþykkt í borgarráði 12. nóvember 2020

Erindisbréf stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð samþykktar í borgarráði 2. maí 2019



Reykjavíkurborg
mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 9. nóvember 2020
R19100342
670
ep

Borgarráð

Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð

Á fundi stýrihóps um innleiðingu íbúaráða, þann 21. október s.l. var samþykkt svohljóðandi tillaga, sbr. 2. lið fundargerðar stýrihópsins s.d.:

Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða leggur til að vegna aðstæðna tengt Covid-19, verði tilraunaverkefni um ný íbúaráð framlengt um sex mánuði eða til 1. júlí 2021.

Hjálögð er tillagan ásamt greinagerð og fylgigögnum. Óskað er eftir að borgarráð samþykki tillöguna.

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir
starfsmaður stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinagerð

Erindisbréf stýrihóps um innleiðingu íbúaráða

Tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð samþykktar í borgarráði 2. maí 2019

Tillaga um framlengingu tilraunaverkefnis um ný íbúaráð

Stýrihópur um innleiðingu íbúaráða leggur til að vegna aðstæðna tengt Covid-19, verði tilraunaverkefni um ný íbúaráð framlengt um sex mánuði eða til 1. júlí 2021.

Greinagerð:

Níu íbúaráð tóku til starfa í nóvember 2019 og funda þau að jafnaði einu sinni í mánuði. Fyrstu fundir ráðanna einkenndust af því að innleiða verklag við undirbúning fundanna og að fulltrúar stilltu saman strengi sína m.a. vegna þess að allir fundir íbúaráða eru opnir borgarbúum. Í byrjun mars 2020 var sett á neyðarstig almannavarna vegna Covid-19 sem gerði það að verkum að fundum ráðanna fækkaði á tímabili og færðust fundirnir í kjölfarið yfir í fjarfundarfyrirkomulag. Einkendust verkefni annarsvegar af aðkomu ráðanna að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar og hinsvegar af úthlutun úr styrktarsjóðum vegna Sumarborgar 2020 – hverfin. Eftir sumarleyfi hafa íbúaráðin eingöngu fundað með fjarfundarfyrirkomulagi, sem hefur að mörgu leyti gefist mjög vel og ráðin hafa aðlagast breyttu verklagi. Þessi nýi háttur við að streyma frá fundum íbúaráða kallaði á tæknilausnir og tók nokkurn tíma að slípa slíkt verklag.

Megináskorunin á þeim tíma sem liðin er frá því að tilraunaverkefnið hófst er að meta hvernig og hverju verkefnið hefur skilað til að leggja grunn að endanlegri útfærslu ráðanna. Erfitt hefur verið að láta slíkt mat fara fram í ljósi þess að samhliða innleiðingu ráðanna hafi verið tekist á við breytt ástand í samfélaginu öllu tengt Covid-19.

Tilraunaverkefnið átti að standa til ársloka 2020, en vegna aðstæðna er talið mikilvægt að verkefnið fái lengra tíma til innleiðingar ekki síst til þess að stýrihópurinn hafi betri forsendur til að leggja heildstætt mat á tilraunaverkefnið.

ERINDISBRÉF

Stýrihóps um innleiðingu nýrra íbúaráða

Ábyrgðarmaður:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn heldur áfram störfum sínum meðfram tilraunaverkefni til ársloka 2020 um ný íbúaráð. Stýrihópurinn tryggir að innleiðing og störf nýrra íbúaráða verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögum stýrihópsins.

Helstu verkefni:

- Að innleiða breytingar og skera úr um möguleg álitæfni sem upp koma um hvernig verkefnum og breytingum skal háttað.
- Að skýra boðleiðir og ferla vegna verkefna íbúaráða.
- Að kynna niðurstöður fyrir fagráðum borgarinnar.
- Að vera tengiliður við íbúaráð.
- Að skila mati á tilraunaverkefninu að því loknu.
- Að gera tillögu að næstu skrefum til framtíðar við lok tilraunaverkefnisins ári eftir að ráðin taka til starfa þar sem tekin er afstaða til samsetningar ráðanna, formannshlutverksins og annarra þátta er varða umgjörð ráðanna og hlutverk.

Stýrihópurinn skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Þorkell Heiðarsson
Geir Finnson í stað Gunnlaugs Braga Björnssonar
Örn Þórðarson
Daníel Örn Arnarsson

Starfsmaður:

Elísabet Pétursdóttir, verkefnastjóri mannréttindaskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verða lagðar fyrir borgarráð haustið 2020.

Samþykkt í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar 10. október 2019.



Borgarráð

Tillögur stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð

Stýrihópur um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð hefur nú lokið störfum samkvæmt erindisbréfi. Hjálagðar eru tillögur stýrihópsins.

Greinagerð

Stýrihópur um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráð var skipaður með erindisbréfi, samþykkt á fundi mannréttinda- og lýðræðisráðs þann 13. september 2018. Helstu verkefni stýrihópsins voru að gera stöðu hverfisráða skýrari innan borgarkerfisins, skýra valdsvið hverfisráða yfir málefnum og rekstri sem varða starfssvæði þeirra og skila tillögum um verksvið og fyrirkomulag hverfisráða.

Stýrihópurinn skilaði skýrslu og drögum að tillögum þann 13. nóvember 2018 til borgarráðs og lagði jafnframt til að drögin yrðu send til umsagnar fagraða, sviða og miðlægra skrifstofa. Einnig var íbúum boðið að skila inn umsögnum um tillögurnar. Í kjölfarið var rætt við sviðsstjóra allra sviða. Fyrirliggjandi tillögur byggja á þeirri vinnu.

Virðingarfyllst

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður stýrihópsins
Gunnlaugur Bragi Björnsson
Þorkell Heiðarsson
Örn Þórðarson
Daníel Örn Arnarsson

Hjálagt:
Erindisbréf
Tillögur stýrihóps

TILLÖGUR STÝRIHÓPS UM ENDURSKIPULAGNINGU OG FRAMTÍÐARSKIPAN FYRIR HVERFISRÁÐ

1. Tillaga um tilraunaverkefni til ársloka 2020 um ný íbúaráð og áframhaldandi starf stýrihóps um framtíðarskipan hverfisráða meðfram tilraunaverkefninu.

Lagt er til að tillögur 2 – 9 verði hluti af tilraunaverkefni til ársloka 2020 sem verði svo endurskoðað að þeim tíma loknum. Stýrihópur um framtíðarskipan hverfisráða starfi áfram til þess að tryggja að innleiðing og störf nýrra íbúaráða verði með þeim hætti sem ráð er gert fyrir í tillögum stýrihópsins. Stýrihópurinn beri ábyrgð á eftirtöldum verkefnum;

- Innleiða þessar breytingar og skera úr um möguleg álitaefni sem upp koma um hvernig verkefnum og breytingunum skal háttað.
- Skýra boðleiðir og ferla vegna verkefna íbúaráða.
- Að niðurstöður stýrihópsins verði kynntar fyrir fagráðum borgarinnar.
- Vera tengiliður við íbúaráð.
- Uppfæra reglur um hverfissjóðinn í takt við meðfylgjandi tillögur.
- Skila mati á tilraunaverkefninu að því loknu.
- Gera tillögu að næstu skrefum til framtíðar við lok tilraunaverkefnisins ári eftir að ráðin taki til starfa þar sem tekin er afstaða til samsetningar ráðanna, formannshlutverksins og annarra þátta er varða umgjörð ráðanna og hlutverk.

2. Tillaga um stofnun 9 íbúaráða.

Lagt er til að stofnuð verði eftirtalin íbúaráð;

- Íbúaráð Kjalarness
- Íbúaráð Grafarvogs
- Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals
- Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts
- Íbúaráð Breiðholts
- Íbúaráð Laugardals
- Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis
- Íbúaráð Vesturbæjar
- Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

3. Tillaga um að sex fulltrúar sitji í hverju íbúaráði.

Lagt er til að öll íbúaráð verði skipuð sex fulltrúum.

- Þrír fulltrúar verði kjörnir af borgarstjórn, þar af að lágmarki tveir úr hópi borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa.
 - Skulu fulltrúarnir hafa sterka tengingu við svæðið, helst með eigin búsetu.
 - Æskilegt væri að hafa sem flesta borgarfulltrúa meðal kjörinna fulltrúa í ráðunum.
 - Formaður veljist af borgarstjórn úr hópi kjörinna fulltrúa.
- Tveir fulltrúar verði skipaðir úr hópi íbúa af virkum grasrótarsamtökum úr hverfunum, þar af einn skipaður af íbúasamtökum og einn skipaður af foreldrafélögum.
 - Þau grasrótarsamtök sem koma til greina eru þau sem notast við lýðræðisleg vinnubrögð, haldi reglulega aðalfundi með kosningum og skili inn árlegu yfirliti um störf sín. Staðfesting á notkun lýðræðislegra vinnubragða skal liggja fyrir við upphaf kjörtímabils.
 - Skulu sætin flytjast árlega á milli starfandi íbúasamtaka og foreldrafélaga eftir samkomulagi milli þessara félaga og starfsmanns íbúaráða og skal planið um útdelingu sætanna lagt fram í íbúaráðinu við upphaf kjörtímabils.
 - Skulu viðkomandi fulltrúar uppfylla eftirfarandi kröfur: 1) Að þeir búi í viðkomandi borgarhluta. 2) Að þeir hafi reynslu og þekkingu á starfi grasrótarsamtaka í hverfinu.
- Einn fulltrúi valinn með slembivali úr hópi íbúa á hverju svæði.
 - Þetta verði gert í samræmi við lög um persónuvernd og í samráði við persónuverndarfulltrúa.
 - Slembivaldir fulltrúar sitji saman í hópi sem fundar reglulega með starfsmanni íbúaráðanna þar sem hægt er að undirbúa fundi og ræða önnur mál er tengjast íbúaráðunum.
- Við alla ákvarðanatöku skal leitast við að ná samstöðu í ráðunum. Komi til atkvæðagreiðslu fer hver meðlimur ráðsins með eitt atkvæði.
- Formaður boðar til funda og ber ábyrgð á því að ráðin séu starfandi.

4. Tillaga um að íbúaráð myndi bakhóp hverfisins og bjóði í hann hagsmunaaðilum, félagasamtökum, eldhugum og öðrum þeim sem ráðið telur nauðsynlegt.

Lagt er til að íbúaráðin bjóði lykilaðilum hverfisins að vera hluti af bakhópi innan hverfisins. Skulu fulltrúar í bakhópi fá boð og dagskrá funda íbúaráðs. Íbúaráð skulu að lágmarki funda með bakhópi hverfisins tvisvar á ári.

Í bakhópi skulu vera fulltrúar: Íbúasamtaka, þjónustumiðstöðva, skólaráða, foreldrafélaga, hverfisíþróttafélaga, ungmennaráða, notendaráða þjónustumiðstöðva, atvinnurekenda, fulltrúar leik- og grunnskóla og fulltrúar annarra grasrótasamtaka í

hverfum borgarinnar ásamt öðrum sem tengjast hagsmunamálum hverfanna. Íbúaráð skulu útbúa lista yfir þá aðila sem fá tækifæri til að tilnefna fulltrúa í bakhóp og skulu boðaðir sérstaklega. Fundir bakhópa skulu opnir.

5. Tillaga um hlutverk og verkefni íbúaráða

Íbúaráð er hluti af verkefnum borgarinnar sem snúa að auknu íbúalýðræði innan Reykjavíkur og er einn af samráðsvettvöngum Reykjavíkurborgar. Fagráð Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á stefnumótun á viðkomandi fagsviði, en íbúaráð skulu koma að útfærslu stefnumótunarinnar á viðkomandi svæði ásamt fagráðum og fagsviðum.

Verkefni íbúaráða verði með eftirtöldum hætti:

a. Samtal milli íbúa og stjórnsýslunnar

Hlutverk íbúaráða er að styrkja tengingu og stytta boðleiðir milli íbúa og stjórnsýslu borgarinnar, stuðla að aukinni upplýsingagjöf til íbúa og styrkja möguleika íbúa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri hvað varðar pólitíska ákvarðanatöku. Einnig að vekja athygli stjórnsýslunnar á áskorunum sem upp kunna að koma á viðkomandi svæði. Skulu íbúaráð afla sér upplýsinga um mál sem eru í deiglu í tengslum við svæðið sitt, og leggja sig fram við að koma upplýsingunum á framfæri við íbúa og stuðla eftir atvikum að málamiðlun.

b. Samvinna innan hverfanna

Skulu íbúaráðin leggja sig fram við að vera lifandi samstarfsvettvangur innan svæðisins í samstarfi við bakhóp sem skipaður er af fjölbreyttum hagsmunaaðilum hverfisins.

c. Aðkoma íbúaráða að umfjöllun í fagráðum borgarinnar

Íbúaráð fái upplýsingar um það þegar stærri mál er snúa sérstaklega að einstökum hverfum eru til umræðu í fagráðum borgarinnar og geti óskað eftir að senda áheyrnarfulltrúa með málfrelsi undir þeim lið á fundi fagráðanna eftir atvikum þegar þau eru þar til kynningar. Þetta til að stuðla að betra upplýsingaflæði um málefni innan hverfanna. Veiti fagráðin eftir atvikum íbúaráðunum áheyrn með málfrelsi undir þeim lið. Ósk um áheyrn á fundi fagráðs skal beina til formanns fagráðsins. Hvenær þetta á við skal skilgreint nánar í samráði við svið og fagráð.

d. Áhrif á fjárfestinga- og viðhaldsáætlun svæðisins sem og skipulagsmál

Árlegir samráðsfundir verði haldnir með íbúaráðum og embættismönnum borgarinnar snemma í ferlinu þegar unnið er að fjárfestinga- og viðhaldsáætlun

Reykjavíkurborgar í borgarhlutum. Forgangsröðun verkefna svæðisins verði kynnt og rædd á þeim fundum þar sem íbúaráð geta komið áherslum svæðisins á framfæri. Stuðlað verði að kynningu meðal íbúa á forsendum þjónustuveitingar borgarinnar á viðkomandi svæði, svo sem við umhirðu borgarlands, vor- og vetrarþjónustu. Íbúaráð verði áfram umsagnaraðilar við aðal- og deiliskipulagsbreytingar svæðisins.

e. Áhrif á menningar- og velferðarmál svæðisins

Íbúaráðin virki sem ráðgjafaráð fyrir menningar- og félagshús svæðisins, svo sem bókasöfn og félagsmiðstöðvar, til að taka þátt í að þróa þessi hús áfram á hátt sem nýtist íbúum sem best. Fulltrúar þessara stofnanna sitji í bakhópi íbúaráðanna. Íbúaráð haldi góðu sambandi við þessa aðila og miðli upplýsingum og komi á framfæri ábendingum.

f. Áhrif á skólamál og íþróttamál svæðisins

Skólaráð og aðrir fulltrúar leikskóla, skóla og frístundamiðstöðva sem og foreldrafélög svæðisins sitji í bakhópi íbúaráðanna. Fulltrúar hverfisíþróttafélaga og eftir atvikum öðrum tómstundafélögum sitji einnig í bakhópi íbúaráðanna. Íbúaráð haldi góðu sambandi við þessa aðila og miðli upplýsingum og komi á framfæri ábendingum.

g. Úthlutun úr sjóðum

Íbúaráð sjá um að útdeila fjármunum úr hverfissjóði fyrir sitt svæði í samræmi við reglur sjóðsins. Úthlutun úr hverfissjóði skuli fara fram í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki en verði þó möguleg árið um kring eftir þörfum og umsóknum, í stað þess að vera eingöngu einu sinni á ári. Hverfisráðspottar renni inn í hverfissjóð. Íbúasamtök sem notist við lýðræðisleg vinnubrögð og skila íbúaráði yfirliti árlega um störf sín skulu hljóta sérstakan árlegan rekstrarstyrk í samræmi við nýjar reglur um hverfissjóð. Mannréttindaskrifstofa heldur utan um eftirfylgni við og utanumhald um lokaskýrslur vegna styrktra verkefna úr hverfissjóði. Íbúaráð hafi aðkomu að úthlutun Forvarnarsjóðs Reykjavíkurborgar í samræmi við samþykktir þeirra, líkt og áður.

6. Tillaga um hlutverk stjórnsýslunnar í tengslum við íbúaráðin:

Eftirfarandi verkefni skulu unnin af hendi stjórnsýslunnar í tengslum við ný íbúaráð:

a. Utanumhald íbúaráða

Lagt er til að verkefni verði vistuð hjá Mannréttindaskrifstofu sem starfi með öllum 9 íbúaráðunum. Með slíku fyrirkomulagi er hægt að tryggja samræmingu milli

vinnu íbúaráðanna, eftirfylgni vinnu ráðanna innan stjórnsýslunnar og hægt að tryggja þekkingu á starfi íbúaráða innan stjórnsýslu borgarinnar.

b. Tengiliður þjónustumiðstöðva

Til að tryggja áframhaldandi gott samstarf við þjónustumiðstöðvar borgarinnar er gert ráð fyrir að tengiliður við hverja þjónustumiðstöð verði skipaður til að tryggja upplýsingar um einstök verkefni í hverfum borgarinnar og samstarf við þjónustumiðstöðvar. Tengiliður sé bakhjarl íbúaráðs viðkomandi svæðis og sitji að jafnaði fundi viðkomandi íbúaráðs. Miðlægur starfsmaður íbúaráða fundi með tengiliðum þjónustumiðstöðva a.m.k. tvisvar árlega. Nánari útfærsla á þessum tengslum verði unnin í samstarfi við velferðarsvið og velferðarráð sem halda utan um þjónustumiðstöðvarnar.

c. Tengiliðir sviðanna

Öll svið borgarinnar skulu tilnefna tengilið við íbúaráð sem taki við ábendingum íbúaráðanna. Árlega fundi íbúaráð með fulltrúum/tengiliðum sviða Reykjavíkurborgar. Með þeim hætti er hægt að auka aðkomu ráðanna að verkefnum hverfanna, bæta upplýsingaflæði og ræða áskoranir sem upp hafa komið í tengslum við verkefni Reykjavíkurborgar í hverfunum.

d. Erindi íbúaráða og sjónarmið íbúa

Stjórnsýslunni ber að taka við og tryggja að fjallað sé um sjónarmið íbúa sem berast í gegnum íbúaráðin. Öllum erindum íbúaráða skal svarað með rökstuðningi, samkvæmt stjórnsýslulögum og verklagsreglum borgarinnar.

e. Hlutverk starfsmanns íbúaráða

Starfsmaður íbúaráða sér um samskipti á milli ráða og sviða borgarinnar og greiðir leið erinda íbúaráða í stjórnsýslunni og tryggir að endurgjöf berist innan eðlilegs tímaramma. Starfsmaður sjái um ritun fundargerða, að fylgja eftir ákvarðanatöku ráðanna og utanumhald um starf ráðanna.

f. Upplýsingafundir

Íbúaráð fái kynningu á málum tengdum hverfunum eftir þörfum til að geta komið réttum upplýsingum á framfæri við íbúa hverfisins.

g. Boð á fundi fagraða

Heimilt er að að boða fulltrúa með málfrelsi á fundi fagraða þegar mikilvæg málefni þeirra hverfa eru til umfjöllunar. Óskum íbúaráðs um slíkt skal beina til formanns viðkomandi fagraðs. Hvenær þetta á við skal skilgreint nánar í samráði við svið og fagrað.

7. Tillaga um að fundir íbúaráða verði að öllu jöfnu opnir og íbúar geti sett mál á dagskrá fundanna.

Lagt er til að allir fundir íbúaráða verði að öllu jöfnu opnir íbúum. Ef einstakir dagskrárliðir krefjast þess að fundir séu lokaðir er þess sérstaklega getið í fundarboði.

Einnig er gert ráð fyrir að íbúar geti komið málum á dagskrá funda íbúaráða með því að senda slíkar beiðnir til íbúaráðanna.

8. Tillaga um fræðslu til fulltrúa í íbúaráðum.

Lagt er til að skipulögð verði ítarleg fræðsla fyrir nýja fulltrúa í íbúaráðum Reykjavíkur til þess að tryggja þekkingu fulltrúanna á stjórnkerfi borgarinnar og boðleiðum innan þess. Sérstaklega skal fræðslan sniðin að þörfum þeirra fulltrúa sem ekki þegar hafa hlotið fræðslu kjörinna fulltrúa. Tryggja þarf þekkingu á eftirtöldum verkefnum:

- Stefnumörkun Reykjavíkurborgar og aðkoma íbúa að slíkri stefnumörkun.
- Hvernig stjórnkerfið er uppbyggt, ábyrgð og umboð fagráða.
- Hvernig fjárhags- og fjárfestingaáætlanir eru unnar.
- Skipulagsmál, ferlar og lög þeim tengdum.
- Viðhaldsframkvæmdir.
- Starfsemi þjónustumiðstöðva.
- Starfsemi leik- og grunnskóla auk frístundamiðstöðva.
- Eftir atvikum önnur þau málefni sem snúa að hverfum borgarinnar.

9. Tillaga um uppfærslu reglna um hverfissjóð

Lagt er til að reglur um hverfissjóð verði uppfærðar með því markmiði að m.a. skýra hvernig rekstrarstyrkjum til íbúasamtaka skuli háttað, skýra hæfi ráðsfólks við úthlutun til verkefna og með tilliti til breyttrar upphæðar í hverfissjóðnum.

ERINDISBRÉF

Stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan fyrir hverfisráðin

Ábyrgðarmaður:

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda- og lýðræðisráðs.

Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn gerir tillögur að framtíðarskipan og stöðu hverfisráða.

Í vinnunni tekur stýrihópurinn mið af skýrslu um framtíðarsýn fyrir hverfisráð sem unnin var af Stjórnkerfis- og lýðræðisráði á árunum 2017-2018. Stýrihópurinn leggur áherslu á samráð við íbúa í hverfunum og aðra hagsmunaaðila í þessari vinnu m. a með því að bjóða til samræðu á íbúafundum í hverfinu.

Helstu verkefni:

- Að gera stöðu hverfisráða skýrari innan borgarkerfisins. Í því felst m.a. að skilgreina tengingu þeirra inn í borgarkerfið og hvernig efla má aðgengi þeirra að starfsfólki borgarinnar.
- Að skýra valdsvið hverfisráða yfir málefnum og rekstri sem varða starfssvæði þeirra. Útfært sé m.a. með hvaða hætti hverfisráð komi að hverfisbundinni stefnumótun, innleiðingu stefnu, ákvarðanatöku, samráði og útteilingu fjármagns þvert á borgarkerfið.
- Að efla hverfisráð sem vettvang staðbundinnar valdeflingar. Markmiðið er að þau hafi sterk tengsl við fyrirtæki, félagasamtök, grasrótarhreyfingar og íbúasamtök á sínu starfssvæði og gefi íbúum tækifæri til að hafa áhrif í borgarkerfinu.
- Að skila tillögum um verksvið og fyrirkomulag hverfisráða.

Stýrihópurinn skipa:

Dóra Björt Guðjónsdóttir
Þorkell Heiðarsson
Gunnlaugur Bragi Björnsson
Örn Þórðarson
Daníel Örn Arnarsson

Starfsmaður:

Elísabet Pétursdóttir, verkefnastjóri mannréttindaskrifstofu. Með stýrihópnum starfar einnig Gústav Adolf Bergmann Sigurbjörnsson, sem vann að skýrslu um framtíðarsýn hverfisráða ásamt formanni stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Samráð verði haft við íbúa hverfa, íbúasamtök og hagsmunahópa. Leitast verði við að ná til þeirra íbúa sem endurspeгла sem best samsetningu hvers hverfis.

Ráðgjöf fengin hjá sérfróðum aðilum innan og utan borgarkerfis við gerð tillagananna.

Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir 13. nóvember 2018.

Samþykkt í mannréttinda- og lýðræðisráði 13. september 2018.